

Eimskipafélag Íslands hf.

JAFNLAUNASTEFNA EIMSKIPS

Jafnlaunastefna Eimskips nær til alls starfsfólks samstæðu Eimskips á Íslandi Mannauðs- & samskiptasvið Eimskips ber ábyrgð á jafnlaunastefnunni.

Eimskip gætir fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allir starfsmenn fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf. Það er stefna Eimskips að laun og önnur kjör séu samkeppnishæf við sambærileg störf á markaði.

Eimskip skuldbindur sig til þess að innleiða, skjalfesta og viðhalda Jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur ÍST 85:2012 staðalsins. Eimskip hefur innleitt verklag og skilgreint launaviðmið til að tryggja að starfsfólk fái greitt fyrir störf sín út frá verðmæti starfa óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.

Framkvæmdastjóri Mannauðs- & samskiptasviðs ber ábyrgð á Jafnlaunakerfi Eimskips og að það standist lög og alþjóðlegar skuldbindingar varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Mannauðsstjóri er fulltrúi framkvæmdastjóra varðandi jafnlaunakerfið og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við ÍST 85:2012 staðalinn. Einnig er mannauðsstjóri ábyrgur fyrir að stjórnendur sem koma að launaákvörðunum hjá Eimskip séu vel upplýstir um jafnlaunakerfið, verklagsreglur því tengdu sem og lögum og reglum sem gilda í jafnlaunamálum.

Markmið Eimskips er að hæfir starfsmenn veljist til starfa og þeir hafi metnað til að takast á við þau verkefni sem bíða úrlausnar.

Til þess að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Eimskip sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda Jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og öðlast vottun í samræmi við lög nr. 56/2017 um jafnlaunavottun
- Vinna að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012

- Fylgja öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma og staðfesta hlítni við lög
- Framkvæma innri úttektir og rýni stjórnenda árlega
- Framkvæma launagreiningu að minnsta kosti árlega þar sem jafnverðmæt störf eru borin saman til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar. Helstu niðurstöður skulu kynntar fyrir starfsfólki
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugu eftirliti og umbótum þar sem þess er þörf
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki og hafa hana aðgengilega

Stefna þessi er kynnt starfsmönnum og er þeim aðgengileg inn á innri og ytri vef Eimskips.

Samþykkt í framkvæmdastjórn Eimskipafélag Íslands hf.

Reykjavík 16. maí 2023.